


***Íslenska bæklunarlæknafélagið***

# Marklýsing

# og

# HANDBÓK Í BÆKLUNARLÆKNINGUM

## Sérfræðinám í bæklunarlækningum

## HANDBÓK fyrir sérfræðinám í bæklunarlækningum

## Efnisyfirlit


| | bls |
|---|---|
| **Inngangur**......................................................................... | **4** |
| **Sérfræðireglugerð** .................................................. | **5** |
| **Orðskýringar**.......................................................... | **6** |
| **Almenn hæfnisskilgreining**...................................... | **9** |
| **Skilgreining á sérgreininni** | |
| – Hæfniskröfur ............................................................. | **9** |
| – Læknisfræðileg þekking............................................... | **10** |
| – Samskiptahæfileikar ................................................... | **10** |
| – Forystuhæfileikar ....................................................... | **11** |
| – Þekking á gæðastjórnun ............................................. og læknavísindum | **11** |
| **Uppbygging sérfræðináms** | |
| – Sérstakar leiðbeiningar frá félagi íslenskra bæklunarlækna ................................ | **12** |
| **Áfangi** Læknisfræðileg þekking......................................... | **13** |
| **Áfangi** Samskiptahæfileikar ............................................. | **17** |
| **Áfangi** Forystuhæfileikar.................................................. | **17** |
| **Áfangi** Þekking á gæðastjórnun og Læknavísindum.................................................. | **18** |

---

**Leiðbeiningar og útskýringar** ***Íslenska bæklunarlæknafélagið***

| | |
|---|---|
| **Uppbygging sérfræðináms í bæklunarlækningum** | **19** |
| Framkvæmd sérfræðináms | |
| Eftirlit og námsvinna | |
| Hlutverk námsstjóra | |
| Hlutverk handleiðara | |
| Bæklunarlækningar og undirgreiningar | |
| Námskeið og þing | |
| Lesefni | |
| Sérfræðipróf | |
| **Áfangaskilgreiningar** ................................................. | **24** |
| **Kafli 1-12**...................................................................... | **25** |
| – Læknisfræðileg þekking | |
| **Kafli 13-20**.................................................................... | **41** |
| – Önnur færni og hæfileikar, samskiptahæfileikar, stjórnunar-hæfileikar, vísindi og gæði | |
| **Lokaorð**........................................................................ | **45** |
| **Viðauki 1** krækjur.......................................................... | **46** |
| **Viðauki 2** listi yfir lesefni í bæklunarskurðlækningum ....... | **47** |

## Inngangur

Handbók íslenska bæklunarlæknafélagsins (ÍBF) og marklýsing fyrir sérnám í bæklunarlækningum er byggð á handbók Sænska bæklunarlæknafélagsins (SOF) sem gefin var út í febrúar 2009. Hér er um að ræða ítarlega marklýsingu fyrir þá lækna sem leggja stund á sérnám í bæklunarlækningum. Er lýst þeim Kröfum sem gerðar eru til námsins, handleiðslu og eftirlits á námstímanum er lýst og tekið mið af þeim reglum og leiðbeiningum sem fram koma í handbók Sænska bæklunarlæknafélagsins.

Bók sænska bæklunarlæknafélagsins hefur ígildi reglugerðar og er staðfest af Socialstyrelsen í ágúst 2008.

Í Svíþjóð eru marklýsingar í sérnámi í læknisfræði byggðar upp á svipaðan hátt fyrir allar sérgreinarnar og þeir áfangar sem skilgreindir eru og þau markmið sem þarf að ná eru sett fram á sama hátt fyrir allar sérgreinarnar. Hver sérgrein hefur að auki fengið tækifæri til að skýra út ítarlegri markmið áfanga og uppbyggingu sérfræðináms í hverri grein fyrir sig.

Íslenska bæklunarlæknafélagið hefur í samvinnu við Halldór Jónsson jr prófessor, læknadeild HÍ og LSH ákveðið að fara þá leið að þýða handbók Sænska bæklunarlæknafélagsins og fylgja þeim áföngum, uppbyggingu og efnistökum sem þar koma fram. Reglur um sérfræðiviðurkenningu í bæklunarlækningum eru svipaðar á Íslandi og í Svíþjóð og margir íslenskir læknar hafa verið í sérnámi í bæklunarlækningum í Svíþjóð. Þótti því hagkvæmt að gera sömu kröfur á Íslandi hvað varðar alla uppbyggingu og framkvæmd sérfræðináms og í Svíþjóð. Þýðingin er gerð með leyfi Sænska bæklunarlæknafélagsins.

Undirritaðir telja að fyrstu tvö árin í sérnámi í bæklunarlækningum fari fram hérlendis, en síðsri hluti námsins erlendis.

Nóvember 2012 og endurskoðað í janúar 2017

f.h. Íslenska bæklunarlæknafélagsins

Ragnar Jónsson, formaður

Halldór Jónsson jr prófessor

**Bæklunarlækningar**

**Reglugerð um menntun, réttindi og skyldur lækna og skilyrði til að hljóta almennt lækningaleyfi og sérfræðileyfi.**[1]

Ofangreind reglugerð byggir á heimild í 5. gr. laga um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012 Samkvæmt 7. gr. reglugerðarinnar eru kröfur til sérfræðileyfis eftirfarandi:

*Til að læknir geti átt rétt á að öðlast sérfræðileyfi skv. 6. gr. skal hann uppfylla eftirtaldar kröfur:*

a. *hafa lokið embættisprófi í læknisfræði frá læknadeild Háskóla Íslands skv. 3. gr. og starfsnámi skv. 4. gr. eða hafa lokið sambærilegu námi erlendis,*
b. *hafa hlotið almennt lækningaleyfi hér á landi skv. 2. gr. og*
c. *hafa lokið viðurkenndu sérnámi og tileinkað sér þekkingu, klíníska og verklega færni og aðferðafræði sem krafist er fyrir viðkomandi sérgrein skv. 8. og 9. gr.*

Heildarnámstími skal að jafnaði vera að lágmarki fimm ár (60 mánuðir) í aðalgrein og tvö ár í undirgrein.

Í 15. gr. reglugerðarinnar er fjallað um hlutverk sérstakrar mats- og hæfisnefndar:

*15. gr.*

*Mats- og hæfisnefnd um starfsnám til að öðlast almennt lækningaleyfi og um sérnám í læknisfræði.*

*Ráðherra skipar mats- og hæfisnefnd þriggja sérfræðilækna til fjögurra ára í senn. Einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu Læknafélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu læknadeildar Háskóla Íslands og einn samkvæmt tilnefningu landlæknis. Skipa skal með sama hætti jafnmarga nefndarmenn til vara. Ráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna. Nefndin skal kalla til eftir þörfum sérfræðinga innan sérsviða læknisfræði.*

*Nefndin skal meta hæfi heilbrigðisstofnunar eða deildar heilbrigðisstofnunar til að öðlast viðurkenningu sem kennslustofnun fyrir starfsnám til lækningaleyfis skv. 4. gr. og til að annast sérnám skv. 7. og 8. gr.*

*Nefndin skal meta og staðfesta marklýsingar fyrir starfsnám til starfsleyfis skv. 4. gr. og samþykkja marklýsingu einstaka sérnámsbrauta fyrir formlegt sérnám skv. 7. og 8. gr., sbr. 10. gr., að fengnum umsögnum sérgreinafélaga, heilbrigðisstofnana/kennslustofnana, forstöðumanna fræðasviða við Háskóla Íslands og embættis landlæknis.*

*Í marklýsingum skal meðal annars kveðið á um skipulag og inntöku í sérnám, innihald, fyrirkomulag og lengd sérnámsins og einstakra námshluta, gæðakröfur, handleiðslu og hæfismat. Við gerð marklýsinga skal leita alþjóðlegrar ráðgjafar eftir því sem þurfa þykir.*

*Skipulagi sérnáms skal þannig háttað að alþjóðlegum gæðaviðmiðum sé mætt.*

[1] http://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/467-2015

Mats- og hæfisnefndin setur því reglur/viðmið um sérnám í læknisfræði.

**Skilgreiningar og orðslýringar**

| | |
|---|---|
| Handleiðari | Sérfræðingur í þeirri grein sem á við um áfangann. Handleiðslan getur oft verið allt tímabil sérnáms eða hluti af sérnámi. |
| Áhorf | Undir handleiðslu fylgist nemi með vinnu sérfræðings eða annarra heilbrigðisstarfsmanna og lærir framkvæmd verkefna. |
| Mat | Lagt er traust mat á ástand sjúklings. Matið er síðan grundvöllur frekari meðferðar. |
| Vera fullnuma | Að geta lagt fullt mat á, sjá um rannsóknir, sjúkdómsgreiningu, meðferð og eftirlit sjúklings og kunna viðeigandi aðgerðir. |
| Færni | Til að framkvæma eða sjá um verkefni. |
| Þekking | Að hafa tileinkað sér þekkingu og innsýn á ákveðnu sviði sérgreinarinnar með fræðilegri skoðun eða verklegum æfingum. |
| Þekkja til | Að þekkja til eða vita um ákveðin svið innan sérgreinar með fræðilegri skoðun eða verklegum æfingum. |
| Handleiðsla undir handleiðslu | Handleiða sjálfur samstarfsmenn á sama tíma og vera sjálfur undir handleiðslu sérfræðinga. |
| Handleiðsla | Handleiðsla með samtölum, styðja og leiða á samfelldan hátt samstarfsaðila og jafnframt meta framför í starfi. |

| | |
|---|---|
| Fyrsta umsjón | Að taka virkan þátt í fyrstu umsjón sjúklings varðandi fyrstu rannsóknir, greiningu, meðferð og eftirliti og taka ábyrgð á þeirri umsjón |
| Umsjón | Að hafa virka umsjón með öllum rannsóknum, greiningu, meðferð og eftirliti sjúklings og taka ábyrgð á þeirri umsjón. |
| Upphafsmat | Að leggja læknisfræðilegt mat á sjúkling sem læknir sem kemur að upphafsmati og byggja á því við áframhaldandi umsjón sjúklingsins. |
| Umræður í læknahóp | Umræður í hópi lækna, aðallega með tilliti til sérmenntunar og framhaldsmenntunar. |
| Vinna á sjúkrastofnun | Vinna sem læknir í sérnámi með fulla starfsábyrgð og undir handleiðslu. |
| Námskeið | Tímabundið námskeið sem stýrt er af kennara/kennurum. |
| Nám í móttöku | Læknir í sérnámi, sérfræðingur eða annar heilbrigðisstarfsmaður fylgist með viðtali sérfræðings eða annars heilbrigðisstarfsmanns<br>eða<br>sérfræðingur metur lækni í sérnámi og fylgist með vinnu hans við sjúklingamóttöku. |

| | |
|---|---|
| Málþing | Kennsla í hópi þar sem þátttakendur taka virkan þátt í umræðum. |
| Þjálfun í sýndarveruleika | Þjálfun sem fer fram við aðstæður sem eru gerðar til að líkja eftir raunveruleikanum. |
| Þing | Læknaþing eða fundir innanlands eða erlendis. |
| Heilsugæslustöð | Starfsstöð heilsugæslulækna með sjúklingamótttöku. |
| Deildarteymi | Vinna þar sem læknir í sérnámi tekur þátt í og jafnvel leiðir hóp samstarfsfólks á deild sem ber ábyrgð á meðferð einstakra sjúklinga eða sjúklingahópa. |

## Læknisfræðileg þekking, skilgreiningar

**Skilgreining á sérgrein**

Sérgrein bæklunarlækninga felur í sér ítarlega þekkingu og færni á meðfæddum göllum, sjúkdómum og áverkum á stoð- og hreyfikerfi. Sérgreinin sér um bráða- og langvinna sjúkdóma, áverka, brot, hrörnunarsjúkdóma og bólgusjúkdóma í liðum, sinum, vöðvum og taugum, hryggsjúkdóma ásamt efnaskiptasjúkdómum sem hafa áhrif á bein. Meðferð innan sérgreinar geta verið skurðaðgerðir, lyfjameðferð og endurhæfing. Auk greiningar, meðferðar og eftirlits, felur sérgreinin í sér almennar fyrirbyggjandi aðgerðir. Undirgrein bæklunarlækninga eru handarskurðlækningar.

***Þekkingarkröfur***

**Kröfur um læknisfræðilega þekkingu**

Sérfræðingur í bæklunarlækningum þarf að ráða við almenna grunntækni við skoðun og skurðtækni og helstu atriði meingerðar bráðra og langvinnra sjúkdóma í stoð- og hreyfikerfi á öllum aldursskeiðum. Auk þess þarf sérfræðingur í bæklunarlækningum að ráða / kunna undirstöðuatriði verkjameðferðar, gjörgæslumeðferð og svæfingar og deyfingar vegna meðferðar sjúkdóma í stoð- og hreyfikerfi. Sérfræðingurinn þarf einnig að kunna fyrstu umsjón slysa. Auk þessa þarf sérfræðingurinn að hafa þekkingu á hæfingu og endurhæfingu ásamt fyrirbyggjandi aðgerðum (áfangi 1-3 og 12).

Til að fá sérfræðileyfi í bæklunarlækningum þarf læknirinn að kunna að meta og sjá um algenga áverka á stoð- og hreyfikerfi hjá fullorðnum og börnum og geta gert aðgerðir á öllum algengustu brotum eða gera meðferðaráætlanir vegna slíkra áverka. Hann þarf einnig að geta lagt fram meðferðaráætlun fyrir alvarlegri áverka í samráði við reyndari sérfræðinga.

Til að fá sérfræðileyfi í bæklunarlækningum þarf læknirinn einnig að ráða yfir þekkingu og færni sem er nauðsynlegt til að geta metið, greint og séð um sjúklinga með bakverki og liðverki. Einnig að þekkja og gera rannsóknir og leggja upp meðferð á sjúkdómum sem geta haft alvarlegar afleiðingar. Auk þess eru gerðar kröfur til þess að læknirinn geti sem bæklunarlæknir séð um afleiðingar efnaskipta- og æðasjúkdóma og afleiðingar sýkinga í stoðkerfi. Læknirinn þarf að geta séð um upphafsmeðferð afleiðinga slíkra sjúkdóma.

Að lokum er þess krafist að læknirinn geti unnið í teymi og með öðrum heilbrigðisstarfsmönnum sem koma fram fyrir hönd skurðlækninga, svæfingar- og gjörgæslu, myndgreininga, gigtlækninga, endurhæfingarlækninga, barna- og unglingataugalækninga ásamt hæfingu öldrunarlækninga, heilsugæslu, taugalækninga, krabbameinslækninga, lyflækninga, atvinnusjúkdóma ásamt tryggingalæknisfræði.

## Hæfniskröfur fyrir samskipti, forystu og hæfniskröfur vegna læknisfræðilegrar vísinda og gæðastjórnunar

### *Hæfniskröfur fyrir samskipti*

**Sjúklingurinn er sem jafningi og tekur ábyrgð sem slíkur**
Sérfræðingurinn þarf að hafa hæfni til að geta rætt við sjúklinginn og aðstandendur á opinn hátt. Sambandið þarf að byggjast á samhyggð og trúnaði ásamt virðingu fyrir rétti sjúklingsins til upplýsinga og til þess að hafa áhrif á ákvarðanir og taka þátt í þeim. Samskiptin þurfa einnig að taka mið af samvinnu við sjúkling og taka mið af þörfum, óskum og rétti sjúklingsins til að taka eigin ákvarðanir. Einnig þarf að hvetja sjúkling til að taka sjálfur ábyrgð á allri meðferð.

**Fjölbreytni og kyn**
Í samskiptum við sjúkling og ættingja hans á að taka tillit til þekkingar og bera virðingu fyrir mismunandi menningarhópum og fjölbreytni svo sem aldurs, tungumáls, þjóðernis, kynhneigðar, trúar og kyns.

**Samskipti við aðra heilbrigðisstarfsmenn**
Sérfræðingurinn þarf að hafa hæfileika til þess að eiga í samskiptum, bæði skriflegum og munnlegum, við aðra lækna og samstarfsfólk og bera virðingu fyrir þekkingu þeirra og hæfni. Hið sama gildir um samskipti fulltrúa almennings og ýmissa stofnana.

**Kennsluhæfileikar**
Sérfræðingurinn þarf að hafa vissa hæfileika til að kenna, geta upplýst og kennt fyrst og fremst sjúklingum og ættingjum en einnig öðrum læknum, samstarfsaðilum og læknanemum.

**Fagleg nálgun og siðareglur**
Vinna sérfræðings þarf að taka mið af siðareglum og starfsheiðri lækna. Sérfræðingurinn þarf að geta tekið sjálfstæðar ákvarðanir, bæði sem varða læknisfræði og siðfræði.

**Auka eigin hæfni og þekkingu**
Sérfræðingurinn þarf að geta unnið stöðugt að því að greina eigin þarfir og vinnunnar til að bæta hæfni og þekkingu með hag sjúklinganna fyrir brjósti.

## *Forystuhæfileikar*

**Samvinna**

Sérfræðingurinn þarf að þróa hæfni til sjálfmats og þekkja eigin mörk og hlutverk í starfi. Sérfræðingurinn þarf að hafa hæfileika til að handleiða aðra lækna og samstarfsólk ásamt stúdentum.

**Forystuhlutverk**

Sérfræðingurinn þarf að hafa hæfileika til forystu, það er til samvinnu og opinna samskipta við samstarfsfólk. Forystuhlutverkið þarf einnig að taka mið af því að taka þátt í og þróa starfsemina til betri vegar. Hæfileikari til að leiða vinnu í deildarteymi er grundvallaratriði.

**Þekking á heilbrigðiskerfinu**

Sérfræðingurinn þarf að hafa þekkingu á heilbrigðiskerfinu, skipulagningu þess, stjórnun, fjármögnun, lögum og reglum sem lúta að því svo nýting heilbrigðisþjónustunnar verði sem best..

## *Þekking á læknisfræðilegum vísindum og gæðastjórnun*

**Læknisfræðileg vísindi**

Sérfræðingurinn þarf að hafa vald á læknisfræðilegri, vísindalegri aðferðarfræði, þekkingu um rannsóknaraðferðir, þar með talið grundvallaratriði faraldursfræði ásamt þekkingu á staðreyndri læknisfræði og skoðun á vísindalegum upplýsingum.

**Framfarir og gæðastjórnun**

Sérfræðingurinn þarf að hafa þekkingu og færni í vinnu sem varðar gæðastjórnun og framfarir og byggir á staðreyndri læknisfræði. Markmiðið er að geta sett af stað, tekið þátt í og tekið ábyrgð á kerfisbundinni stöðugri gæðavinnu með áherslu á heildaryfirsýn, sjúklingaöryggi og mælistikur allt með hag sjúklingsins fyrir brjósti. Árangurinn þarf að vera mælanlegur til að hægt sé, á gagnrýninn hátt að skoða og meta eigin starfsemi.

**Lýðheilsa og fyrirbyggjandi aðgerðir**

Sérfræðingurinn þarf að hafa þekkingu á þáttum sem varða almennt heilsufar og hafa áhrif á lýðheilsu. Einnig þarf hann að hafa þekkingu á aðferðum sem bæta heilsu og fyrirbyggja sjúkdóma og slys. Þessi kunnátta þarf að tengjast vinnu læknisins í gæðastjórnun og vísindalegri vinnu.

***Uppbygging sérnáms***

Það er mikilvægt að sérnámið sé uppbyggt á rökréttan, greinilegan, markvissan hátt og leiði til stigvaxandi færni og hæfni. Til þess að ná þessum markmiðum þarf að tímasetja markmið og námsferli, þar með talið námskeið í upphafi náms.

Sérnáminu má skipta í fjögur stig eða áfanga,sem byggja á fræðilegri þekkingu og námsvinnu:

Í upphafi er áhersla lögð á bráðabæklunarlækningar og áverka á stoðkerfi.

Næst fylgir grunn bæklunarlæknisfræði. Í fyrsta lagi gerviliðir í mjöðm, speglunar-aðgerðir í hné, stúfhögg, einfaldar handar- og fótaaðgerðir og aðgerðir vegna brota.

Það er síðan mikilvægt að læknir í sérnámi fái viðeigandi hliðarmenntun, fyrst og fremst með vinnu á svæfinga- og gjörgæsludeild en einnig með möguleika á frekari hliðarnámi og ítarlegra námi í eftirfarandi sérgreinum: Handarskurðlækningum, heila- og taugaskurðlækningum, almennum skurðlækningum, æðaskurð-lækningum, lýtalækningum og gigtlækningum.

Í lok náms er mikilvægt að fara ítarlegra í fræði bæklunarlækninga og sérstakar greinar þeirra, eins og æxlissjúkdóma í stoðkerfi, gerviliðaaðgerðir, barna-bæklunarlækningar og hryggjarbæklunarlækningar ásamt ýmsa sjúkdóma í efri og neðri útlimum og umsjón þeirra. Við vissar aðstæður er æskilegt að ítarlegra nám í lok sérnámsins fari fram á öðrum sjúkrahúsum eða deildum en upphafsnám.

Aukin færni á sviði stjórnunar, handleiðslu og kennslu ásamt grunnnámi í vísindalegri aðferðafræði á að vera hluti af sérnáminu og á að vera samfellt allan tíma sérnámsins.

***Sérstakar leiðbeiningar***

Sérgreinafélög lækna hafa í mörgum tilvikum gefið út leiðbeiningar fyrir sína sérgrein varðandi sérnám. Íslenska bæklunarlæknafélagið hefur staðið fyrir þýðingu á handbók sænska bæklunarlæknafélagsins og staðfært hana fyrir íslenskar aðstæður.

# *Áfangar*

## Læknisfræðileg þekking

| Áfangi 1 | Námsleiðir | Námsmat |
|---|---|---|
| Að kunna grunntækni í klíník og aðgerðum. | Klínísk vinna með umsjón handleiðara á einingu sem sér um framangreinda sjúkdóma og áverka | Vottun frá handleiðara um klíníska vinnu og að hæfnismarkmiðum hafi verið náð |
| | Námskeið | Vottun um þátttöku og að hafa staðist námskeið |
| | Æfing í sýndarveruleika | Æfing í sýndarveruleika |
| | Lestur fræðibóka og rita | Lestur fræðibóka og rita |

| Áfangi 2 | Námsleiðir | Námsmat |
|---|---|---|
| Að hafa grunnþekkingu í meingerð verkja og kunna grunnverkjameðferð svæfingu- og gjörgæslu við sjúkdóma í stoð- og hreyfikerfi | Klínísk vinna með umsjón handleiðara á einingu sem sér um framangreinda sjúkdóma og áverka | Vottun frá handleiðara um klíníska vinnu og að hæfnismarkmiðum hafi verið náð |
| | Lestur fræðibóka og rita | |

| Áfangi 3 | Námsleiðir | Námsmat |
|---|---|---|
| Að kunna upphafsmeðferð og umsjón slysa og áverka | Klínísk vinna með umsjón handleiðara á einingu sem sér um framangreinda sjúkdóma og áverka | Vottun frá handleiðara um klíníska vinnu og að hæfnismarkmiðum hafi verið náð |
| | Námskeið | Vottun um þátttöku og að hafa staðist námskeið |
| | Greiningar- og meðferðarfundir | |
| | Lestur fræðibóka og rita | |

| **Áfangi 4** | **Námsleiðir** | **Námsmat** |
|---|---|---|
| Að geta séð um áverka í stoð- og hreyfikerfi, brot og önnur bráðatilfelli í stoð- og hreyfikerfi | Klínísk vinna með umsjón handleiðara á einingu sem sér um framangreinda sjúkdóma og áverka | Vottun frá handleiðara um klíníska vinnu og að hæfnismarkmiðum hafi verið náð |
| | Námskeið | Vottun um þátttöku og að hafa staðist námskeið |
| | Greiningar- og meðferðarfundir | |
| | Lestur fræðibóka og rita | |

| **Áfangi 5** | **Námsleiðir** | **Námsmat** |
|---|---|---|
| Að geta séð um áverka, sjúkdóma og verki í stoð- og hreyfikerfi barna | Klínísk vinna með umsjón handleiðara á einingu sem sér um framangreinda sjúkdóma og áverka | Vottun frá handleiðara um klíníska vinnu og að hæfnismarkmiðum hafi verið náð |
| | Námskeið | Vottun um þátttöku og að hafa staðist námskeið |
| | Greiningar- og meðferðarfundir | |
| | Lestur fræðibóka og rita | |

| **Áfangi 6** | **Námsleiðir** | **Námsmat** |
|---|---|---|
| Að geta séð um áverka, sjúkdóma og verki í hrygg. | Klínísk vinna með umsjón handleiðara á einingu sem sér um framangreinda sjúkdóma og áverka | Vottun frá handleiðara um klíníska vinnu og að hæfnismarkmiðum hafi verið náð |
| | Námskeið | Vottun um þátttöku og að hafa staðist námskeið |
| | Greiningar- og meðferðarfundir | |
| | Lestur fræðibóka og rita | |

| Áfangi 7 | Námsleiðir | Námsmat |
|---|---|---|
| Að geta séð um áverka, sjúkóma og verki í efri útlimum | Klínísk vinna með umsjón handleiðara á einingu sem sér um framangreinda sjúkdóma og áverka | Vottun frá handleiðara um klíníska vinnu og að hæfnismarkmiðum hafi verið náð |
| | Námskeið | Vottun um þátttöku og að hafa staðist námskeið |
| | Greiningar- og meðferðarfundir | |
| | Lestur fræðibóka og rita | |

| Áfangi 8 | Námsleiðir | Námsmat |
|---|---|---|
| Að geta séð um áverka, sjúkdóma og verki í mjöðm og hné | Klínísk vinna með umsjón handleiðara á einingu sem sér um framangreinda sjúkdóma og áverka | Vottun frá handleiðara um klíníska vinnu og að hæfnismarkmiðum hafi verið náð |
| | Námskeið | Vottun um þátttöku og að hafa staðist námskeið |
| | Greiningar- og meðferðarfundir | |
| | Lestur fræðibóka og rita | |

| Áfangi 9 | Námsleiðir | Námsmat |
|---|---|---|
| Að geta séð um áverka, sjúkdóma og verki í ökkla og fæti | Klínísk vinna með umsjón handleiðara á einingu sem sér um framangreinda sjúkdóma og áverka | Vottun frá handleiðara um klíníska vinnu og að hæfnismarkmiðum hafi verið náð |
| | Námskeið | Vottun um þátttöku og að hafa staðist námskeið |
| | Greiningar- og meðferðarfundir | |
| | Lestur fræðibóka og rita | |

| Áfangi 10 | Námsleiðir | Námsmat |
|---|---|---|
| Að hafa þekkingu á fyrstu umsjón æxla í stoð- og hreyfikerfi | Námskeið | Vottun um þátttöku og að hafa staðist námskeið |
| | Lestur fræðibóka og rita | |

| Áfangi 11 | Námsleiðir | Námsmat |
|---|---|---|
| Að geta séð um efnaskipta- og blóðrásasjúkdóma með afleiðingum á stoð- og hreyfikerfi og geta séð um sýkingar í stoð- og hreyfikerfi | Klínísk vinna með umsjón handleiðara á einingu sem sér um framangreinda sjúkdóma og áverka | Vottun frá handleiðara um klíníska vinnu og að hæfnismarkmiðum hafi verið náð |
| | Námskeið | Vottun um þátttöku og að hafa staðist námskeið |
| | Greiningar- og meðferðarfundir | |
| | Lestur fræðibóka og rita | |

| Áfangi 12 | Námsleiðir | Námsmat |
|---|---|---|
| Að geta séð um álagsmeiðsli, endurhæfingu, trygginga-læknisfræði og vottorð. | Klínísk vinna með umsjón handleiðara á einingu sem sér um framangreinda sjúkdóma og áverka | Vottun frá handleiðara um klíníska vinnu og að hæfnismarkmiðum hafi verið náð |
| | Námskeið | Vottun um þátttöku og að hafa staðist námskeið |
| | Lestur fræðibóka og rita | |

***Samskiptahæfileikar***

| Áfangi 13 | Námsleiðir | Námsmat |
|---|---|---|
| Að hafa færni til opinna samskipta með sjúklingum og aðstandendum | Klínísk vinna með umsjón handleiðara á einingu sem sér um framangreinda sjúkdóma og áverka | Vottun frá handleiðara um klíníska vinnu og að hæfnismarkmiðum hafi verið náð |

| Áfangi 14 | Námsleiðir | Námsmat |
|---|---|---|
| Að hafa færni til samskipta, skriflegra og munnlegra við aðra lækna og samstarfsaðila | Klínísk vinna með umsjón handleiðara á einingu sem sér um framangreinda sjúkdóma og áverka | Vottun frá handleiðara um klíníska vinnu og að hæfnismarkmiðum hafi verið náð |

| Áfangi 15 | Námsleiðir | Námsmat |
|---|---|---|
| Að hafa færni til að upplýsa og kenna sjúklingum, aðstandendum, öðrum læknum og samstarfsaðilum ásamt læknanemum | Klínísk vinna með umsjón handleiðara á einingu sem sér um framangreinda sjúkdóma og áverka | Vottun handleiðara um klíníska vinnu og að hæfnismarkmiðum hafi verið náð |
| | Námskeið | Vottun um þátttöku og að hafa staðist námskeið |
| | Teymisvinna á deild undir handleiðslu | |

***Stjórnunarhæfni***

| Áfangi 16 | Námsleiðir | Námsmat |
|---|---|---|
| Að hafa færni til að handleiða aðra lækna og samstarfsaðila ásamt stúdentum | Klínísk vinna með umsjón handleiðara á einingu, sem gerir þetta mögulegt | Vottun handleiðara um klíníska vinnu og að hæfnismarkmiðum hafi verið náð |
| | Námskeið | Vottun um þátttöku og að hafa staðist námskeið |
| | Teymisvinna á deild undir handleiðslu | |

| Áfangi 17 | Námsleiðir | Námsmat |
|---|---|---|
| Að hafa færni til að taka forystu í samvinnu og samskiptum við samstarfsaðila og meðferðarteymi | Klínísk vinna með umsjón handleiðara á einingu, sem gerir þetta mögulegt | Vottun handleiðara um klíníska vinnu og að hæfnismarkmiðum hafi verið náð |
| | Námskeið | Vottun um þátttöku og að hafa staðist námskeið |
| | Teymisvinna á deild undir handleiðslu | |

| Áfangi 18 | Námsleiðir | Námsmat |
|---|---|---|
| Að hafa þekkingu um uppbyggingu heilbrigðiskerfisins, stjórnun og lög og reglur | Námskeið | Vottun um þátttöku og að hafa staðist námskeið |
| | | |

### *Þekking á gæðastjórnun og læknavísindum*

| Áfangi 19 | Námsleiðir | Námsmat |
|---|---|---|
| Að hafa læknisfræðilega þekkingu og vísindi að leiðarljósi | Námskeið | Vottun um þátttöku og að hafa staðist námskeið |
| | Vísindaleg greinaskrif með handleiðslu | Vottun frá handleiðara um klíníska vinnu og að hæfnismarkmiðum hafi verið náð |
| | Þátttaka í námskeiði/málþingi tengt læknisfræði | |

| Áfangi 20 | Námsleiðir | Námsmat |
|---|---|---|
| Að hafa þekkingu og hæfni á staðreyndum í læknisfræði við gæðastjórnun og til að bæta starfshætti | Gæðastjórnunarvinna með handleiðslu | Vottun frá handleiðara um klíníska vinnu og að hæfnismarkmiðum hafi verið náð |
| | Fræðilegt nám | |

# HANDBÓK fyrir sérfræðinám í bæklunarlækningum

## Ábendingar og skýringar við marklýsingu

(gerðar af Fræðslunefnd Sænska bæklunarlæknafélagsins, staðfært og aðlagað að íslenskum aðstæðum af Íslenska bæklunarlæknafélaginu)

### *Uppbygging sérnáms*

Sérnámið á að vera uppbyggt á rökréttan, greinilegan og samfelldan hátt þannig að færni og þekking aukist stig af stigi. Því verður að tímasetja og stýra áföngum og námi, þar með talið námskeiðum, þegar í upphafi þegar gerð er námsáætlun. Áfangarnir leggja því grunninn að þekkingu og færni sem krafist er fyrir sjálfstæða vinnu og áframhaldandi þjálfun í almennum skurðlækningum og undirgreinum þeirra. Sérnámið í bæklunarlækningum á að fara fram á bæklunardeildum sem hafa verið metnar hæfar af mats- og hæfisnefnd samkvæmtskv. gildandi reglum og hafa staðfesta námsáætlun sem tekur tillit til aðstæðna í bæklunarlækningum á hverjum stað. Sérnámið verður að skrá sem einstaklingsbundna áætlun í samráði við yfirlækni og aðal handleiðara. Allir læknar í sérnámi eiga að hafa klíniskan handleiðara sem hefur þekkingu á handleiðslu.

### *Klínísk vinna á deildum*

Klínískri vinnu má skipta í fjögur þrep fræða og vinnu:

**Þrep 1** er með áherslu á bráðabæklunarlækningar og slys og áverka.

**Þrep 2** er í fyrsta lagi gerviliðaaðgerðir í mjöðm, liðspeglunaraðgerðir í hné, stúfhögg og einfaldar handar- og fótaaðgerðir ásamt aðgerðum í brotum.

**Þrep 3** er skylduhliðarnám sem skylt er að taka í svæfingum ásamt möguleika á hliðarnámi og ítarlegri þekkingu í handarskurðlækningum, heila- og taugaskurð-lækningum, almennum skurðlækningum, æðaskurðlækningum, lýtalækningum, gigtarlækningum og ef til vill fleiri greinum.

**Þrep 4** er frekara ítarlegra nám í sérgreininni og undirgreinum, svo sem æxlum í stoðhreyfikerfi, gerviliðaaðgerðum, barnabæklunarlækningum, hryggjarbæklunarlækningum og í sjúkdómum og áverkum í efri útlimum. Í fjórða þrepi er einnig innifalið þjálfun í forystuhlutverk, handleiðsla og kennsla ásamt grunnmenntun í vísindalegri aðferðafræði.

### *Eftirlit og vinna*

Fyrsta tímabilið, svokallað reynslutímabil eða á fyrsta hluta vinnutímabilsins á læknir á sérnámi, handleiðari og yfirlæknir að fjalla á opinn hátt á um hæfni læknisins, áhuga og hvort hann sé vel til þess fallinn að halda áfram sérnámi í sérgreininni. Ef augljós vandamál sem tengjast starfinu steðja að, má hafa í huga aðrar sérgreinar.

Á miðri leið – þegar læknirinn er hálfnaður með sérnámið, er mælt með því að funda með handleiðara og völdum samstarfslæknum til þess að leggja mat á og ræða klíníska færni, þekkingu og hæfni læknisins. Á þessum tímapunkti er tekin staðan og eftir þörfum gerðar breytingar á námsáætlun. Gerð er námsáætlun, svo markmiðin geti verið uppfyllt á eðlilegum tíma. Þetta mat í miðju námi á að færa til bókar og vera undirritað af lækni í sérnámi, handleiðara og yfirlækni.

Læknir í sérnámi ásamt aðal handleiðara á að skrá í eigin námsbók gang sérnámsins og einu sinni á ári skal skrá á sama hátt að viðstöddum yfirlækni. Læknir í sérnámi er ábyrgur fyrir að öll skráning samkvæmt marklýsingu sé aðgengileg. Námsbók með leiðbeiningum um skráningu er gerð í samráði við Landlækni og námsdeild.

Þegar læknir í sérnámi er t uppfyllt allar þær kröfur sem gerðar eru varðandi hæfni og þekkingu, en það gerist í fyrsta lagi eftir að skráð hefur verið að öllum áföngum hafi verið náð, á kennslustjóri og handleiðari að taka saman og leggja mat á sérnámið.

Auk þessa er mælt með loka fundi þar sem dregin er saman niðurstaða sérnámstímans. Þá fær hinn verðandi sérfræðingur möguleika á að sýna færni sína í að skoða og leggja upp meðferðaráætlun á einum eða fleiri sjúklingum. Það er æskilegt að í þessu mati taki þátt óháður aðili utan viðkomandi sjúkrahúss, til að matið sé einnig gert af óháðum aðila.

### *Hlutverk kennslustjóra*

Hlutverk kennslustjórans er að samhæfa námsáætlun og tímaáætlun námsins. Kennslustjórinn vinnur á vegum yfirlæknis. Kennslustjóri ber að gæta, ásamt handleiðara og námslækni að framgangur verði samkvæmt námsáætluninni. Í lok námsins er hlutur kennslustjóra að taka saman gögn sem undirbyggja lokamat eða einkunn og hvort námslæknirinn hafi uppfyllt allar þær kröfur sem gerðar eru í þeim áföngum sem hafa verið skilgreindir.

### *Hlutverk handleiðarans*

Handleiðarinn á að fylgja lækni í sérnámi í öllu námsferlinu og gæta þess að framgangur sé í samræmi við námsáætlun og marklýsingu. Handleiðarinn og námslæknirinn eiga að gera upp árangur námsins árlega. Þetta uppgjör þarf að skrá og ef til vill lagfæra í samræmi við niðurstöður skráningar. Skráningin á að vera undirrituð af námslækni og handleiðara. Auk þess á handleiðarinn og námslæknirinn eiga tvö skráð samtöl á hverju hálfu ári. Niðurstöður þeirra samtala á einnig að vera skráð.

### *Grunn- og undirgrein: Bæklunarlækningar og handarskurðlækningar*

Á Íslandi eru bæklunarlækningar grunngrein. Handarskurðlækningar eru undirgrein, þ.e. viðbótarnám eftir að námi í bæklunarskurðlækningum er lokið(sjá sérfræðireglugerð).

### *Námskeið og námsþing*

Æskilegt er að læknir í sérnámi sæki námskeið og námsþing eftir því sem unnt er. Mikið framboð er á slíkum námskeiðum og námsþingum. Sænska bæklunarlæknafélagið heldur meðal annars fjölda viðurkenndra námskeiða í bæklunarlækningum sem eru miðuð við lækna í sérnámi í bæklunarlækningum.

***Lesefni***

Fræðileg þekking byggir á lestri fagtímarita og fagbóka, sjá lista  Gert er ráð fyrir því að tími sé gefinn í vinnutíma eða námstíma fyrir lestur fræðirita og fagbóka.

***Sérfræðingspróf í bæklunarlækningum***

Íslenska bæklunarlæknafélagið hefur ekki komið að prófi í sérgreininni. Sænska bæklunarlæknafélagið hefur haldið sérstök próf fyrir sérfræðinga frá árinu 1985. Er bæði skriflegur hluti og munnlegur hluti.

Áður var fimm ára reynsla í vinnu sem sérfræðingur skilyrði fyrir að taka prófið. Nú er prófið notað sem próf við lok sérnáms.

Íslenska bæklunarlæknafélagið gerir ráð fyrir að halda svipað próf, sé sérnámi lokið á Íslandi , en þá yrði það þýtt úr sænsku. Einnig má má taka próf á vegum EFORT sem byggja á evropiskum reglu og eru á ensku.

## ÁFANGAÚTSKÝRINGAR

Í þeim bókarhluta sem hér fer á eftir, er hver áfangi skilgreindur og lýsing á þeim hæfniskröfum sem gerðar eru.

***Hæfni /færni***

Hæfni/færni er skipt í þrjá undirflokka: Það er fræðileg þekking, færni í umsjón og aðgerðarfærni.

**Fræðileg þekking** – hér er í fyrst og fremst átt við fræðilega þekkingu. Þekkingarkröfum er skipt í stig samkvæmt því sem fram kemur hér að neðan. Þetta þýðir að það geta verið þekkingarsvæði þar sem eingöngu er að búast við fræðilegri þekkingu en ekki reynslu, til dæmis við sjaldgæfa sjúkdóma eða áverka.

**Færni – umsjón** – Þá er fyrst og fremst átt við að námslæknir í sérnámi geti rannsakað, greint og lagt á ráð um meðferð, algenga sjúkdóma og áverka. Námslæknarnir geta tekið sjálfstæða ákvörðun um fulla umsjón. Hér er átt við áætlanagerð fyrir og eftir aðgerð, samvinnu með öðrum starfsgreinum og upplýsingar til sjúklings og aðstandenda.

**Færni – aðgerðarfærni** – með þessu hugtaki er átt við að læknir í sérnámi geti framkvæmt aðgerðir samkvæmt þrepastigskiptingu hér að neðan. Hann á einnig að geta ákveðið heppilega aðferð og einnig greint áhættu/ávinning með hverri aðgerð.

Áfanganum er skipt í þrjú stig:

- **I.** Að geta sjálfstætt séð um og framkvæmt
- **II.** Að hafa góða þekkingu og viss reynslu af umsjón og geta síðan framkvæmt undir handleiðslu
- **III.** Að hafa verið viðstaddur eða hafa fræðilega þekkingu um sjúkdóma/áverka og meðferð

# Áfangar

Í þessum hluta bókarinnar er nánar lýst markmiðum og kröfum hvers áfanga fyrir sig. Einnig er lýst þeirri þekkingu og færni sem þarf að ná.

**ÁFANGI 1** **Læknisfræðileg þekking**

| Áfangi 1 | Námsleiðir | Námsmat |
|---|---|---|
